

Ársfundur Guðfræðistofnunar 2018-2019

22. maí 2019

Skýrsla stjórnar

Inngangur

Síðasti ársfundur Guðfræðistofnunar var haldinn 23. apríl 2018. Samkvæmt reglum Guðfræðistofnunar skal halda ársfund stofnunarinnar á fyrsta ársfjórðungi hvers árs. Þar sem tveir af föstum kennurum deildarinnar voru í rannsóknaleyfi á vormisseri auk fleiri forfalla náðist ekki að halda ársfund fyrir 2018–2019 á tilskildum tíma og er það miður.

Stjórn Guðfræðistofnunar

Núverandi stjórn stofnunarinnar var kjörin á síðasta ársfundi. Stjórnina skipa: Hjalti Hugason, sem er formaður, Gunnlaugur A. Jónsson, meðstjórnandi og varaformaður og Bjarni Karlsson sem er fulltrúi doktorsnema.

Fjárhagsstaða

Sjá ársreikninga stofnunarinnar í fylgiskjali.

Málstofur

Eftirfarandi málstofur voru haldnar á vegum Guðfræðistofnunar á síðasta starfsári:

Haustmisseri 2018

1. október flutti Sólveig Anna Bóasdóttir prófessor fyrirlestur í stofu 229 í Aðalbyggingu. Heiti fyrirlestursins var: *Lofslagshrunið: Vandi — viðbrögð — von.*
19. október flutti Mark S. Burrows prófessor við University of Applied Sciences í Bochum í Þýskalandi fyrirlestur í stofu 229 í Aðalbyggingu um efnið: *Meginstef í kristinni miðaldamystik.*
22. október flutti Hilda P. Koster prófessor við Concordia College, Moorhead, Minnesota fyrirlestur í stofu 229 í Aðalbyggingu Háskóla Íslands um efnið: *Konur, kristnar kenningar og lofslagsréttlæti.*
5. nóvember flutti Sverrir Jakobsson prófessor við sagnfræði- og heimspeideild HÍ fyrirlestur í stofu 229 í Aðalbyggingu Háskóla Íslands um bók sína *Kristur: Saga hugmynda.*

Vormisseri 2019

21. janúar flutti Svanhildur Óskarsdóttir rannsóknaprófessor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fyrirlestur í stofu 229 í Aðalbyggingu. Heiti fyrirlestursins var: *Fornar biblíubýðingar*.

18. febrúar hélt Svavar Sigmundsson rannsóknaprófessor em. við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fyrirlestur um bók sína *Íslenskar bænir fram um 1600*.

25. mars flutti dr. dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson héraðsprestur fyrirlestur í stofu 229 í Aðalbyggingu Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn bar yfirskriftina: *Viskan og nútíminn*.

Málþing

12. nóvember 2018 stóð Guðfræðistofnun fyrir hefðbundnu Haustmálþingi sínu undir titlinum *Hvað er í deigluinni*. Málþingið fór fram í stofu 229 frá kl. 11: 40 og boðið var upp á léttu hádegishressingu. Dagskráin var sem hér segir:

Hjalti Hugason: Er endurskoðunar þörf á íslenskum trúmálarétti?

Pétur Pétursson: [Gullöld Dana og sjálfstæðisbarátta Íslendinga](#).

Arnfríður Guðmundsdóttir: #Höfumhátt. Hvað hefur guðfræðin að segja við þolendur kynferðislegs áreitiss og ofbeldis?

Sigfinnur Þorleifsson: Heilagleikahugtakið og andleg vegferð manneskjunnar.

Sólveig Anna Bóasdóttir: ["Hvað ber framtíðin í skauti sér?"](#)

Gunnlaugur A. Jónsson: Ó að orð mín yrðu höggvin í klett. - Myndir úr Jobsbók.

Rúnar M. Þorsteinsson: Samruni kristni og platónisma: Tilfellið Aþenagóras (2. öld).

Þá átti stofnunin þátt í ráðstefnunni *Lúther 501*:

Málþing í kjölfar útgáfu á úrvali rita Lúthers á íslensku í tilefni af siðbótaraðfælisári, sem haldin var miðvikudaginn 31. október 2018 í safnaðarheimili Neskirkju í samvinnu við aðfælisnefnd þjóðkirkjunnar.

Ritröð Guðfræðistofnunar

Ritstjóráskipti urðu er Rúnar M. Þorsteinsson prófessor varð deildarforseti 1. júlí 2018.

Arnfríður Guðmundsson prófessor tók þá við sem ritstjóri. Önnur í ritstjórn eru prófessorarnir Gunnlaugur A. Jónsson og Sólveig Anna Bóasdóttir.

Tvö hefti Ritaraðarinnar komu út á árinu 2018: hefti nr. 45 1/2018 í ritstjórn Rúnars M. Þorsteinssonar og hefti nr. 46 2/2018 í ritstjórn Arnfríðar Guðmundsdóttur.

Hugvísindaping

Guðfræðistofnun átti að venju aðild að Hugvísindapingi 2019. Starfsmenn Guðfræðistofnunar voru virkir þátttakendur í ýmsum málstofum á þinginu.

Starfssjóður Guðfræðistofnunar

Sjá ársreikninga í fylgiriti.

Alþjóðlegt samstarf

Starfsmenn Guðfræðistofnunar hafa verið virkir í norrænum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Má þar sérstaklega nefna þátttöku í *Hringborði Norðursins*.

Reykjavík, 20. maí 2019

Hjalti Hugason, formaður stjórnar

Gunnlaugur A. Jónsson, meðstjórnandi

Bjarni Karlsson, fulltrúi doktorsnema